

aðiljum kost á að afla endurrits af umsókn eða umsóknum útgerðarmanns l/v Hugins R. E. 83, Jóns Guðmundssonar, Keflavík, til skilanefndar þeirrar, sem skipuð var samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1948 um aðstoð vegna aflabrests á síldveiðum á tímabilinu 1945—1948, svo og hvenær skilanefndin hefur tekið við umsóknum þessum og hvenær þær hafa verið afgreiddar. Verði ekki unnt að afla endurrita, skal leitað skýrslna um, hvert efni umsóknanna hefur verið.

Þá ber og að afla þeirra frekari skýrslna, sem öflun framangreindra gagna kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla ofangreindra gagna.

Föstudaginn 17. nóvember 1950.

Nr. 28/1949. **H/f Leiftur, Ólafsfirði** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

H/f Leiftri, Reykjavík (Magnús Thorlacius).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
 Valdimar Stefánsson sakadómari í stað
 hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans
 Hallvarðssonar.

Firmanafn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. ágúst 1949, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september s. á, krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Orðið Leiftur vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur. Má því telja, að stefndi, sem tók þetta orð upp

sem heiti á hlutafélagi á undan áfrýjanda, hafi öðlzt gagnvart honum lögverndaðan rétt til þess, sbr. 9. gr. laga nr. 84/1933. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, H/f Leiftur, Ólafsfirði, greiði stefnda, H/f Leiftri, Reykjavík, kr. 500.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ólafsfjarðar 31. marz 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 27. nóv. s.l. af Ólafi B. Erlingssyni, Reykjavík, f. h. hlutafélagsins Leiftur, s. st., gegn hlutafélaginu Leiftri, Ólafsfirði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt óheimilt að bera nafnið Leiftur, að stefnda verði dæmt að fella nafn þetta af hlutafélagaskrá og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi, hlutafélagið Leiftur, Ólafsfirði, krefst sýknu og málskostnaðar.

Tildrög þessa máls eru þau, að á síðastliðnu ári var stofnað heildsölu-fyrirtæki hér í Ólafsfirði með nafninu Leiftur h/f, og var auglýsing um stofnun félagsins birt í Lögbirtingablaðinu 30. júní 1948. Telur stefnandi rétti hlutafélagsins Leifturs í Reykjavík hallað með þessu, en það félag var skrásett 28. júní 1939, og höfðaði hann síðan mál þetta.

Stefnandi færir þau rök fyrir dómkröfum sínum, að stefndi hafi með upptöku nafnsins Leifturs hallað rétti sínum, þar eð stefnandi hafi áður helgað sér nafn þetta, og vísar til 16. gr. laga nr. 77 27. júní 1921 og 9. gr. laga nr. 84/1933. Enn fremur telur hann rétt til heitis einkarétt, og samkvæmt almennum meginreglum laga geti aðili bannað öðrum að nota nafn sitt.

Stefndi neitar því, að hann hafi brotið ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1933 á stefnanda, og enn fremur heldur hann því fram, að einkaréttur til firmaheitis sé takmarkaður við kaupstað eða hrepp, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42 13. nóv. 1903, og geti stefnandi því ekki krafizt þess, að stefndi leggi niður nafnið.

Það verður að telja, að 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 eigi við skil-

yrðin til að fá firma skrásett, þ. e. hvers skrásetjari á að gæta, er hann tekur firma á skrá. En þar með er ekki sagt, að nafntaka geti ekki þrátt fyrir það hallað rétti annars aðilja. Það virðist geta skipt allmiklu máli fyrir atvinnufyrirtæki að geta auðkennt sig með nafni, sem það eitt hefur rétt til að nota. Virðist sanngjarnt að viðurkenna slíkan rétt, enda verður ekki séð, að slík viðurkenning geti farið í bága við almenningshag.

Með tilvísun til þessa, og þar sem nafnið Leiftur virðist til slíks auðkennis fallið, sem hér um ræðir, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, hlutafélaginu Leiftri, Ólafsfirði, er óheimilt að bera nafnið Leiftur, og ber stefnda að fella nafn þetta af hlutafélagaskrá. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1950.

Nr. 74/1950. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

Kjartani Steingrímssyni (Gunnar J. Möller).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Brot á gjaldeyrisákvæðum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.